

## ALLAR STÆRDIR HÖPFERDABÍLA



í lengri og skemmri ferðir

SÉRLEYFISBÍLAR AKUREYRAR H.F.  
FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR H.F.  
RÁÐHÚSTORGI 3. AKUREYRI SÍMI 25000



**Verðlaunagripir**  
og verðlaunapeningar  
í miklu úrvali

FRAMLEIÐI OG ÚTVEGA  
FÉLAGSMERKI

POSTSENDUM

meba

Magnús E. Baldvinsson sf.  
Langholtsgötu 111 sími 31199




## BÍLALEIGA

REYKJAVÍK:	91-31815/686915
AKUREYRI:	96-21715/23515
BORGARNES:	93-7618
VÍDIGERÐI V-HÚN.:	95-1591
BLÖNDUÓS:	95-4350/4568
SAUÐÁRKRÓKUR:	95-5884/5969
SIGLUFJÖRÐUR:	96-71498
HÚSAVÍK:	96-41940/41594
EGILSTADIR:	97-1550
VOPNAFJÖRÐUR:	97-3145/3121
SEYÐISFJÖRÐUR:	97-2312/2204
FÁSKRÚDSFJÖRÐUR:	97-5366/5166
HÖFN HORNAFIRÐI:	97-8303

interRent

## KRAFTBLAKKIR



### ÚTGERÐARMENN

Höfum á lager 400 kg kraftblakkir með eina eða tveggja spora hjóli. Gott vörð og góðir gætaskilmálar.

Atlas hf. Borgartúni 24, sími 26755

## VAGNAR FYRIR VANDLÁTA



### BMW 721I ÁRGERÐ 1981

Til sölu er þessi glesalegi BMW 721i. Biliinn er í toppstandi, ek. 67 þús. km, 5 gir, beinskjöttur, bílgrá-sanseræður, sportfelgur, stereotæki, sumar- og vetrar-dekk, læst drif, rafmagnslæsingar, rafstjórn speglar og ýmslegt fleira.



### GMC JIMMY 4x4 Árgerð 1983 (ákræður febrúar 1984)

Til sölu er þessi glesalegi jeppi sem er einstaklega vel með farinn. Hann er skinn 23 þúsund km. Biliinn er V6, 4 gir, beinskjöttur og eina og nýr úr kassanum. Litur ljósból, sanseræður.


Upplýsingar um þessa gripri gefur Aðal-bílasalan við Múlstorg, símar 17171, 19814.

Menning

Menning

Menning

Menning



Leifur Breiðfjörð — Glerdreki, Kjarvalsstöðum.

# Glerbrot og glerlist

Um sýningar glerlistamanna í Norræna húsinu og að Kjarvalsstöðum

Sýningar „Gler brot“ að Kjarvalsstöðum og „Nordisk Glas 85“ í Norræna húsinu hljóta að teljast með merkari viðburðum í íslensku myndlistarlífi á þessu ári. Þótt þær sé að finna á tveimur stöðum í bænum er svo margt sem tengir þær að mér þykir réttlætlegt að fjalla um þær í sameiningu.

Skyllt er að taka fram að undirritaður átti þátt í að semja texta fyrir kynningarrit og sýningarskrá vegna þessara sýninga en er að öðru leyti saklaus af afskiptum af þeim.

Það sem fyrst og síðast sameinar þessar sýningar er þátttaka íslenskra glerlistamanna, og gefur sú þátttaka óneitanlega tilefni til hugleiðinga um það hvar við stöndum í norræmi glerlist á því herrans ári 1985.

### Fífldjarft uppátæki

Á sínum tíma þótti mörgum það fífldjarft uppátæki af þeim hjónum Sig-

rúnu O. Einarsdóttur og Sören S. Larsen að setja á fót glerblásturstúdíó uppi á Kjalarnesi. En atorka þeirra er með eindæmum og eiga þau tvímælaust mikinn heiður skilinn fyrir að hafa komið íslenskum glerblástri á blað. Gler í Bergvík hefur nú áunnið sér fastan sess í íslenskum sjónlistum og nú er svo komið að fleiri Íslendingar hyggja á framhaldsnám í glerblástri með öðrum þjóðum.

Þau Sigrún og Sören létu ekki við svo búið standa. Þau tóku virkan þátt í skipulagningu glerblástursnámskeiða í tengslum við amerísku listiðnaðarsýninguna Crafts USA árið 1983 og komu þannig á mikilvægum tengslum við ameríska listamenn í þessari grein. Nú hafa þau bætt um betur með því að húa saman helstu glerlistamönnum Norðurlanda til sýningar og skrafs um sameiginleg áhugamál. Er ekki að efa að þessi samskipti öll eiga eftir að bera ríkulegan ávöxt er tímar líða.

## Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

### Nytjalist og frjáls myndlist

Sýningar tvær, sem hér eru til umræðu, eru byggðar upp með nokkuð mismunandi hætti. Samnorræna sýningin í Norræna húsinu stóð opin öllum íslenskum glerlistamönnum og hönnuðum og þar ber mest á nytjahlutum: skálum, glösum, keröldum, bökkum, vösum, jafnvel bjöllum. að sýningunni að Kjarvalsstöðum stóð hins vegar níu manna hópur samhentra glermyndlistarmanna með frjálsa listsköpun að markmiði. Annars eru skil milli glerhönnunar og glermyndlistar orðin svo

óljós að allar tilraunir til aðgreiningar þeirra hljóta að leiða í ógöngur hvern þann sem slíkt reynir.

Að því ég best veit var engin tilraun gerð til að halda sýninguna í Norræna húsinu innan ramma „nytsamra hluta“.

### Hvötin fyrir hendi

Sú staðreynd að mikill meirihluti gripa hinna dönsku, sænsku, norsku og finnsku listamanna eru einmitt gerðir með einhvers konar nýtingu í huga virðist benda til þess að frjáls glermyndlist sé þar ekki eins langt á veg komin eins og t.d. í Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Þó eru þarna gripir sem benda til þess að hvötin til glermyndlistar sé fyrir hendi, t.d. glersúla Kirsten Langkilde, póetískar standmyndir snillingsins Finns Lynggård og skúlúr-skálar Ullu Forsell. Hins vegar eru nytjahlutir hinna norrænu frænda okkar upp til

# Fertugsafmæli friðarins

Í sumar er þess minnst að 40 ár eru liðin síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk. Hún virðist vera okkur Nató- og Varsjárbandalagsþjóðum í ferskara minni heldur en öll önnur stríð fyrr og síðar, ef dæma má af öllum kvikmyndunum sem enn eru gerðar um hana, og af endurminningapáttum ýmiss konar í dagblöðum. Mér er því spurn: Hvernig stendur á að það stríð heldur slíkum lífsþrótti í hugum manna, jafnvel í hugum þess mikla meirihluta okkar sem er fæddur eftir stríði? Og skyld spurning er: Hvernig er ímynd stríðsins að breytast?

### Risaveldin skiptu með sér kökunn

Í fyrsta lagi markaði það stríð þá heimsmynd sem hefur ríkt síðan: Evrópu sem skiptist nú í áhrifasvæði tveggja risavaxinna nágranna, ríkjasamsteypna USA og USSR.

Þetta stríð markaði nefnilega endalok Evrópuríkja sem áhrifamesta heimshlutans á alþjóðavettvangi, stöðu sem þau höfðu haft í a.m.k. fjór-

ar aldir. Hitler gat þannig ekki vitað að heimsveldistími Evrópu var liðinn, að meginandstæðingurinn var ekki Frakkland eða Bretland heldur upprennandi iðnríki sem gátu nýtt yfirburðastærð sína í þágu tækniframfara til að skapa stærri og öflugri framleiðslu- og markaðseiningar en mögulegt er innan landamæra hins hefðbundna Evrópuríkis. Það er næstum kátbroslegt að sjá hve nasistar, með sína gamaldags nýlendustefnuhugmyndafræði, voru grunlitlir um framleiðslugetu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna sem gátu teft fram svo miklu meira en þeir af fallbyssum og smjörri þegar á reyndi. Raunar gat enginn séð þessa nýju skipan mála fyrir með vissu.

### Dæmalaus friður, dæmalaus áhætta

Önnur ástæða sem gerir síðari heimsstyrjöldina mikilvæga er að síðan þá hefur verið algjör friður í Evrópu að heita má, aðallega vegna tilkomu kjarnorkusprengjunnar. Án

## Kjallarinn



TRYGGVI V. LINDAL

KENNARI, BORDEYRI.

hennar væri líklegt að landvinninga-stríð hefðu haldið áfram í Evrópu til þessa dags, svo sem verið hafði lengst-

um, og trúlegast náð út til Íslands aftur. Samvinna hinna ólíku risavelda tveggja hefur í raun orðið árangursríkari til friðar og stöðugleika en reyndist unnt áður milli hinna gömlu ríkja hágr stefnunnar fyrir stríð, hvort sem það er nú að þakka framþróun í hernadartækni eða upplýsingatækni.

### Fjarlægðin fegrar stríðið

Þriðja atriðið er að þar sem friður hefur ríkt lengst af síðan í okkar heimshluta þá verður síðari heimsstyrjöldin Evrópumönnum eðlilega í auknum mæli táknað fyrir stríð yfirleitt. Þetta má sjá í bíómyndum þar sem nasistar verða æ líkari venjulegum hermönnum.

Um leið breytist túlkunin á stríðinu í hugum unga fólksins (svo sem sést af könnunum í Þýskalandi og Ísrael, að ógleymdum A-Þýskalandi, Japan og Bandaríkjunum, og menn geta séð hér heima fyrir einnig, hjá börnum og fullorðnum sem lifðu ekki stríðið). Nasistar virðast þekktir sem þeir er þorðu